

Bæjarsjóði Reykjavíkur	—	3 000.00
Jóhanni Garðari Björnssyni	—	1 500.00
Trésmiðjunni Víði	—	300.00

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. apríl 1948.

Kærumálið nr. 3/1948. Georg Magnússon

gegn

dánarbúi Garðars Þorsteinssonar og Árna Tryggvasyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Vitnaskylda embættismanns.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 7. apríl 1948, sem hingað barst 8. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 128. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstarétti úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 1. apríl 1948, þar sem varnaraðilja Árna Tryggvasyni var talið óskyldt að koma fyrir dóm í vitnamáli sóknaraðilja gegn dánarbúi Garðars Þorsteinssonar. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurði þessum verði hrundið og sér verði heimilað að krefja varnaraðilja Árna Tryggvason vættis í ofangreindu máli. Svo hefur hann og krafizt, að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Undanþága sú frá vitnaskyldu, sem embættis- og sýslunar mönnum er veitt í 4. tölulið 125. gr. laga nr. 85/1936, tekur aðeins til þeirra atvika, sem upplýsa má með vottorði úr embættishók eða öðru opinberu skjali. Atvik þau, er sóknaraðili krefur varnaraðilja Árna Tryggvason vættis um, virðast svo vaxin, að þau verði ekki upplýst með slíku vottorði.

Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, og ber varnaraðilja Árna Tryggvasyni að koma fyrir dóm til vættisburðar um nefnd atvik. Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber varnaraðilja Árna Tryggvasyni að koma fyrir dóm í ofangreindu vitnamáli til vættisburðar um atriði þau, er um ræðir í hinum áfrýjaða úrskurði.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1948.

Með úrskurði hæstaréttar upp kveðnum 12. febrúar 1947 í málinu nr. 59/1945: Georg Magnússon gegn Garðari Þorsteinssyni, var lagt fyrir héraðsdómara að afla yfirlýsingar Árna Tryggvasonar hrd. um afskipti hans sem þáverandi borgardómara af beiðni, sem vitnastefnandi telur sig hafa borið fram um endurupp-töku málsins fyrir héraðsdómi. Framangreindrar yfirlýsingar Árna Tryggvasonar hrd. hefur nú verið aflað, en vitnastefnandi hefur nú farið þess á leit, að Árni Tryggvason komi fyrir dóm til að staðfesta yfirlýsinguna og svara frekari spurningum um efni hennar. Árni Tryggvason hrd. hefur talið sér óskýlt að koma fyrir dóm af þessu tilefni.

Með skírskotun til 4. tl. 125. gr. laga nr. 85 frá 1936 verður Árna Tryggvasyni hrd. ekki talið skylt að koma fyrir dóm í máli þessu.

Því úrskurðast:

Árna Tryggvasyni hrd. er ekki skylt að koma fyrir dóm í vitnamáli þessu.